



Brautarholti 09.02.2026

Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Jónsson

Tilfni þessa erindis er að vekja athygli á Uppsveitakastinu.

Fyrsti þáttur Uppsveitakastsins kom út 22. júlí 2024 og komu þættir út á hálfsmánaðarfresti til að byrja með. Fyrsta hugsun með Uppsveitakastinu var að kynna íbúa, fyrirtæki og verkefni í uppsveitum Árnessýslu. Í febrúar 2025 kom síðan út grein af Uppsveitakastinu sem kallast Tveir á tali og þá bættist Árni Þór Hilmarsson við og síðan þá hefur verið gefinn út þáttur vikulega og skiptast vikurnar á hefðbundnum viðtalsþáttum og síðan Tveir á tali þar sem fjallað er um það sem er helst á baugi í sveitarfélögum uppsveitanna. Frá upphafi hafa verið gefnir út 61 þáttur og er hlustun frekar góð. Nákvæm talning er ekki til en milli 11.000 og 12.000 hafa hlaðið niður þáttunum og því er meðalhlustun milli 180 – 200 hlustanir á hvern þátt. Einnig virðist áhugi vera á þættinum utan landsteinanna en þess má til gamans geta að hlustun á Íslandi er 95% allrar hlustunar en þátturinn hefur teygt sig svo langt sem Japan og Argentínu. Tölfræðin segir að 118 hafi verið staddir á Spáni þegar þeir hafa hlaðið niður þætti, 96 í Danmörku, 63 í Noregi, 49 í Bandaríkjunum o.s.frv. Þegar norðurlöndin eru tekin saman kemur í ljós að 202 hlusta þar. Svo merkilegt sem það er þá hefur undirritaður þekkt á tónleikum í Hafnarfirði af hlustanda sem er búsettur þar.

Uppsveitakastið hefur verið fjármagnað af undirrituðum og öll vinna við það hefur verið ólaunuð. Eina fjármögnunin sem hefur komið frá öðrum aðilum hefur verið stuðningur sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu haustið 2024, kr. 70.000 frá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Gjöldin hafa samt verið talsverð en fjárfesting í búnaði hefur verið um 500.000 kr. og mánaðarlegur kostnaður vegna hugbúnaðar og geymslu á efni er um 10.000 kr. Eins og sagði hér að ofan þá er enginn launakostnaður við Uppsveitakastið en áætlað er að í hvern þátt fari um 4-6 klst. Finna þarf viðmælanda og kynnast honum, upptaka, eftirvinna og kynning. Samkvæmt þessu hafa farið milli 250-360 klst. í þáttargerð.

Árið 2026 er ár kosninga til sveitarstjórna og hefur Uppsveitakastið áhuga á að vera með sérstaka kosningaþætti í uppsveitunum. Þættirnir eru hugsaðir þannig að við viljum gefa út þætti þar sem hverju framboði býðst að koma og kynna sig í um klst. þætti sem gefnir yrðu út á sama tíma fyrir hvert sveitarfélag. Þetta gætu því orðið 8-12 þættir eftir fjölda framboða í hverju sveitarfélagi. Þegar líður síðan að kosningum sjáum við fyrir okkur að taka upp pallborðsumræður í hverju sveitarfélagi fyrir sig og stefnan er að þeir þættir yrðu gefnir út í kosningavikunni. Einnig hefur komið til tals að taka þættina upp á mynd en það er enn í ferli.

Ljóst er að ef af þessu verður þá eykst kostnaður við þáttargerð ásamt að um umtalsvert vinnutap væri að ræða. Því er það einnig ljóst að ef af þessu verður þá þarf Uppsveitakastið talsverðan stuðning frá sveitarfélögunum til að standa undir þessu. Eins ef hugmyndir um upptöku á mynd í pallborðsþáttum ná í gegn þá er sá kostnaður umtalsverður og ekki verður farið í þá aðgerð án fjármögnunar. Útreiknaður kostnaður við kynningaþættina á framboðunum nálgast kr. 800.000 og því fer ég þess vinsamlegast á leit við sveitarfélögin fjögur að mynda vinnuhóp með undirrituðum þar sem við getum fundað og fundið leiðir til að gera þetta mögulegt.

Að lokum vil ég þakka þær góðu undirtektir sem Uppsveitakastið hefur fengið hjá sveitarstjórnnum og íbúum í uppsveitum Árnessýslu bæði hvað varðar samþykki við að koma fram í þáttum og eins við öflun og ábendingar á efni og deilingu þáttanna. Eins vil ég biðja auðmjúkgast að kynningahnappur Uppsveitakastsins fái að vera á heimasíðum sveitarfélaganna þar sem logo og tengill Uppsveitakastsins sjáist. Hægt er að sækja þættina á helstu streymisveitum en heimasíða Uppsveitakastsins er <https://uppsveitakastid.buzzsprout.com>

Með von um góðar undirtektir,

f.h. Abbey Road ehf. – Uppsveitakastið

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Samsvarandi bréf var einnig sent á oddvita Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps.